

Móttaka á þurrkuðu byggi frá bændum haustið 2020

Gæðaflokkun á byggi

Þrjú þættir eru notaðir við mat á korninu: þroskastig, þurrefnisinnihald og hreinleiki kornsins. Auk þess skal tryggt að ekki sé hiti í korninu við móttöku.

Þroskastig kornsins er metið útfrá rúmpýngd (g/líttra) þurrkaðs korns, rakastigið er mælt og hreinleiki kornsins er metinn með sjónmati.

1. flokks korn

Korn með rúmpýngd 600 g/líttra eða hærra og er þá gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald kornsins sé 88% eða hærra. Fari þurrefnisinnihald niður í 86-88 % er kornið verðfellt um 3%. Ekki skal vera sýnilegt rusl í korninu.

2. flokks korn

Korn með rúmpýngd á bilinu 550 til 599 g/líttra og er þá gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald kornsins sé 88% eða hærra. Fari þurrefnisinnihald niður í 86-88 % er kornið verðfellt um 3%. Ekki skal vera sýnilegt rusl í korninu.

3. flokks korn

Korn með rúmpýngd á bilinu 500 til 549 g/líttra og er þá gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald kornsins sé 88% eða hærra. Fari þurrefnisinnihald niður í 86-88 % er kornið verðfellt um 3%. Ekki skal vera sýnilegt rusl í korninu.

Verð á þurrkuðu byggi



A) þurrefnisinnihald 88% eða hærra

| | kr án vsk | kr m/vsk | rúmpýngd |
|--------------------|-----------|----------|-----------------|
| Þurrkað bygg 1. fl | 37,00 | 45,88 | => 600 g/ltr |
| Þurrkað bygg 2. fl | 33,30 | 41,29 | 550 - 599 g/ltr |
| Þurrkað bygg 3. fl | 29,60 | 36,70 | 500 - 549 g/ltr |

A) þurrefnisinnihald 86-88%

| | kr án vsk | kr m/vsk | rúmpýngd |
|--------------------|-----------|----------|-----------------|
| Þurrkað bygg 1. fl | 35,89 | 44,50 | => 600 g/ltr |
| Þurrkað bygg 2. fl | 32,30 | 40,05 | 550 - 599 g/ltr |
| Þurrkað bygg 3. fl | 28,71 | 35,60 | 500 - 549 g/ltr |

Ekki er tekið á móti korni með rúmpýngd undir 500 g/líttra til kaups


Ekki er tekið á móti korni með þurrefnisinnihald undir 86%

Bústólpi áskilur sér rétt til að hafna móttöku korns ef mikið er um rusl í farminum.

Verðskráin miðast við afhendingu á korninu við verksmiðju á Akureyri.

Vinnsla á korni

Eins og undangengin ár býðst bændum einnig að fá þurrkað korn unnið hjá Bústólpa.



Kögglun á byggi

Við kögglun á byggi er tekið ákveðið vinnslugjald á hvert kg sem unnið er. Gjaldið er breytilegt eftir magni þar sem uppstartskostnaður deilist niður á unnið magn.

Ef unnin eru 15 tonn af fóðri eða meira er gjaldið 13 kr pr kg án vsk

Ef unnin eru 10-15 tonn af fóðri er gjaldið 13,50 kr pr kg án vsk

Ef unnin eru 5-10 tonn af fóðri er gjaldið 14 kr pr kg án vsk

Ekki er tekið við minna en 5 tonnum til sérvinnslu

Við kögglunina er byggið malað og blandað 4% melassa, hitameðhöndlað, köggluð og síðan kælt niður á ný. Melassin sem blandað er í er seldur sérstaklega og er kg verðið nú 78 kr án vsk.

Gæði korns til vinnslu

Ekki er tekið korn til vinnslu sem er undir 500 g/lítra í rúmþyngd. Heimilt er þó að vinna slíkt korn sé því blandað við korn af fullum gæðum. Sé kornið 450-500 g/lítra getur það að hámarki verið 50% af uppskrift og aðeins 30% af uppskrift sé það 400-450 g/lítra.

Sérblöndur

Sé óskað eftir frekari íblöndun í byggið eins og t.d próteini eða steinefnum gerum við tilboð í slíkt. Vinnslugjaldið er þá það sama og við kögglun á byggi en síðan er tekið gjald fyrir þau hráefni sérstaklega sem bætt er í blönduna.



Móttaka á korni hjá Bústólpa

Tekið er á móti korni lausu á vögnum eða í stórsekkjum. Mikilvægt er að hafa í huga að vagna þarf að þrifa áður en þeir eru teknir til flutninga á þurrkuðu korni. Sama gildir um stórsekki þeir þurfa að vera hreinir og ónotaðir til að leyfilegt sé að nota þá undir korn sem tekið er á móti til vinnslu eða kaups.

